

# *Fjármála- og efnahagsráðuneytið*

## *Minnisblað*

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Dagsetning: 04.05.2018  
Málsnúmer: FJR18030022  
Bréfalykill:

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 (endurbótaáætlun, tímanleg inngrip, eftirlit á samstæðugrunni, eftirlitsheimildir o.fl.).

### **I. Inngangur**

Í minnisblaði þessu er að finna athugasemdir fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna helstu athugasemda sem bárust í umsögnum til efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (Þskj. 604 – 422. mál).

Efnahags- og viðskiptanefnd bárust þrjár umsagnir vegna frumvarpsins frá Fjármálaeftirlitinu, Samtökum fjármálafyrirtækja og Seðlabanka Íslands. Í minnisblaði þessu er að finna viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögunum og tillögur að breytingum við einstakar greinar. Í lok minnisblaðsins er að finna yfirlit um breytingartillögur ráðuneytisins.

### **II. Tilefni lagasetningar**

Með frumvarpinu er lagðar til breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki vegna innleiðingar tilskipunar 2014/59/ESB (svonefndrar BRRD – tilskipunar) í íslenskan rétt en hluta breytinganna má einnig rekja til tilskipunar 2013/36/ESB (svonefndrar CRD IV – tilskipunar). Vísað er í almennar athugasemdir frumvarpsins varðandi tilefni og nauðsyn lagabreytinganna og samantektar á meginefnis frumvarpsins.

### **III. Viðbrögð við umsögnum sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**

*E-liður 5. gr. frumvarpsins. Reglugerð ráðherra.*

Fjármálaeftirlitið bendir réttilega á það í umsögn sinni að rétt sé að breyta orðinu „skilyrði“ í e-lið 5. gr. frumvarpsins í „viðmið“. Með e-lið 5. gr. frumvarpsins er lagt til orðalag að nýrri 82. gr. e laganna. Sú breyting sem lögð er til hér varðar tillögu að nýrri 3. mgr. 82. gr. e laganna. Í 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem innleiðir e-lið 5. gr. frumvarpsins er notast við enska orðið „criteria“ sem rétt er að innleiða sem „viðmið“ en ekki „skilyrði“. Ráðuneytið tekur undir með Fjármálaeftirlitinu og leggur til breytingu á orðum.

*Lögfesting tilskipunar 2014/59/ESB (BRRD – tilskipunarinnar) í heild.*

Í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja er vikið að því að æskilegt hefði verið að stjórnvöld innleiddu alla tilskipun 2014/59/ESB á sama tíma í stað þess að leggja fram tvö frumvörp til innleiðingar á tilskipuninni. Vikið er að afmörkun við innleiðingu tilskipunarinnar í almennum athugasemdum frumvarpsins þar sem fjallað um ástæður þess að tekin var sú ákvörðun að skipta efni tilskipunarinnar upp og innleiða í áföngum með fleiri en einu lagafrumvarpi. Regluverk tilskipunarinnar er yfirgripsmikið og flókið og rétt þótti að stíga

fyrsta skref innleiðingar með frumvarpi þessu. Gert er ráð fyrir að hægt verði að ljúka innleiðingu næsta vetur. Ráðuneytið telur rétt að fram komi að þrátt fyrir að tilskipun 2014/59/ESB myndi heildstæðan ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja geta ákvæði þessa frumvarps staðið sjálfstætt óháð öðrum efnisþáttum tilskipunarinnar. Mikilvægt þykir að lögfesta þær undirbúningsaðgerðir sem endurbótaáætlanir fela í sér enda er það fyrsta verkefnið sem ráðast þarf í á grundvelli tilskipunarinnar og byggja aðrar undirbúningsaðgerðir meðal annars á endurbótaáætlunum. Ekki er með góðu móti hægt að útbúa skilaáætlanir og taka fyrirtæki til skilameðferðar, sem síðari hluti innleiðingar lítur meðal annars að, nema búíð sé að útbúa og afhenda Fjármálaeftirlitinu fyrstu endurbótaáætlanir.

#### *Tímafrestur um afhendingu á fyrstu endurbótaáætlun.*

Í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja er lögð áhersla á að fjármálafyrirtækjum verði veittur rúmur tímafrestur til að útbúa og leggja fram fyrstu endurbótaáætlun. Lagt er til að sá frestur verði tólf mánuðir eftir gildistöku laganna og fresturinn komi fram í lögnum. Ráðuneytið tekur undir að nauðsynlegt sé að fjármálafyrirtækjum verði veitt svigrúm til að útbúa fyrstu endurbótaáætlun. Ekki er fjallað um tímamark vegna afhendingar á fyrstu endurbótaáætlunum lánastofnana og verðbréfafyrirtækja í tilskipun 2014/59/ESB eða afleiddum reglugerðum (ESB) sem sækja stoð í tilskipunina. Þá heftur ráðuneytið litið til löggjafar á Norðurlöndunum sem innleiddu tilskipunina og þar er ekki kveðið á um tímamark fyrir fyrstu skil í lögum. Ráðuneytið leitaði sjónarmiða Fjármálaeftirlitsins vegna ábendingar og tillögu Samtaka fjármálafyrirtækja um tímafrest vegna fyrstu endurbótaáætlana. Af hálfu Fjármálaeftirlitsins kom fram að samráð hafi verið haft við viðskiptabankana þrjá sem teljast kerfislega mikilvægir allt frá árinu 2016. Bankarnir hafi skilað inn drögum að fyrstu endurbótaáætlunum í desember 2016 og svo uppfærðum áætlunum í desember árið 2017. Fjármálaeftirlitið metur það svo að út frá skipulagi sé heppilegast að afhending á endurbótaáætlunum fari fram undir lok árs. Rætt hafi verið um að fyrstu skil kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja á endurbótaáætlunum geti orðið 1. desember 2018 verði frumvarpið samþykkt á yfirstandandi þingi. Öðrum fjármálafyrirtækjum sem heyra undir gildissvið laganna verði gert að afhenda endurbótaáætlun til Fjármálaeftirlitsins að minnsta kosti tólf mánuðum eftir gildistöku laganna og líklegast 1. desember 2019. Af hálfu ráðuneytisins virðist ekki nauðsynlegt að kveða á um tólf mánaða frest fyrir fyrstu skil á endurbótaáætlunum í lögnum sjálfum. Æskilegra sé að eftirláta Fjármálaeftirlitinu mat á tímasetningu afhendingar fyrstu endurbótaáætlana fyrirtækja að höfðu samráði við videigandi fjármálafyrirtæki. Um er að ræða nýtt verkefni bæði fyrir þau fjármálafyrirtæki sem heyra undir gildissvið laganna og Fjármálaeftirlitið þar sem ekki þykir ástæða til að ætla annað en að nauðsynlegt svigrúm verði veitt fyrir gerð og afhendingu á fyrstu endurbótaáætlunum.

#### **IV. Önnur atriði**

##### *Breyting á 86. gr. f laganna.*

Með lögum nr. 57/2015, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, voru gerðar ýmsar breytingar á lögnum. Með lögum nr. 57/2015 bættust m.a. við sex nýjar greinar, 84. gr. a – 84. gr. f, sem innihalda ákvæði um skyldu fjármálafyrirtækja til þess að viðhalda eiginfjáráukum. Með lögum nr. 96/2016, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, voru aftur gerðar talsverðar breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Með lögum nr. 96/2016, bættust m.a. við nokkur ný ákvæði um nánari útfærslu á reglum um eigið fé fjármálafyrirtækja. Með sömu lögum voru einnig gerðar þær breytingar að ákvæði um eiginfjáráuka, sem fyrir breytinguna var að finna í 84. gr. a – 84. gr. f laganna, urðu að

ákvæðum 86. gr. a – 86. gr. f laganna.

Í 86. gr. f laga um fjármálafyrirtæki er kveðið á um skyldu fjármálafyrirtækis til þess að taka saman áætlun um verndun eigin fjár ef staða fjármálafyrirtækis er orðin slík að fyrirtækið uppfyllir ekki lengur skyldu til þess að viðhalda eiginfjáruka. Í 3. – 5. mgr. 86. gr. f eru hins vegar rangar greinatilvísanir en í umræddum málsgreinum er vísað til 84. gr. a laganna sem varðar almennt eigið fé þáttar 1 en málsgreinarnar ættu með réttu að vísa til 86. gr. a sem varðar eiginfjáruka og samanlagða kröfu um eiginfjáruka. Rangar tilvísanir í 86. gr. f skýrast að því að í frumvarpi sem varð að lögum nr. 96/2016 hefur gleymst að uppfæra tilvísun til lagagreina til samræmis við breytingar sem gerðar voru með lögnum og m.a. breyttu staðsetningu ákvæða sem varða eiginfjárukana.

*Breyting á 107. gr. laganna með 9. gr. frumvarpsins.*

Í 9. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 107. gr. laganna sem varða eftirlit, þ.m.t. eftirlit á samstæðugrunni. Breytingarnar sem lagðar eru til byggja á tilskipun 2013/36/ESB eins og rakið er í athugasemd við 9. gr. frumvarpsins. Með a-lið 9. gr. frumvarpsins er lagt til orðalag að nýrri 2. mgr. 107. gr. laganna í tveimur málsliðum.

Með breytingunni er lagt til að 2. másl. 2. mgr. 107. gr. orðist svo: „*Eftirlit Fjármálaeftirlitsins sem eftirlitsaðili á samstæðugrunni nær einnig til starfsemi eignarhaldsfélags á fjármálasviði, blandaðs eignarhaldsfélags og blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi, móðurfélags slíkra félaga og dótturfélaga þeirra, þegar þau eru staðsett í öðru ríki, m.a. þegar starfsemi slíks félags fer fram hér á landi, og getur eftirlitið þá verið í samstarfi og samráði við eftirlitsaðila í viðkomandi aðildarríki í samræmi við 108. gr.*“

Í textanum hér að ofan hefur orðið „einnig“ og auk þess orðin „m.a. þegar starfsemi slíks félags fer fram hér á landi,“ verið undirstrikuð en ráðuneytið leggur til að undirstrikaður texti falli á brott.

Ástæða þess að ráðuneytið leggur til að orðið „einnig“ falli á brott er sú að ráðuneytið telur að umrætt orð sé til þess fallið að þrengja gildissvið reglunnar en um er að ræða sjálfstæða reglu gagnvart reglu sem, lögð er til að verði að 1. másl. 2. mgr. 107. gr. laganna.

Ástæða þess að ráðuneytið leggur til að orðin „m.a. þegar starfsemi slíks félags fer fram hér á landi,“ falli á brott er sú að orðalagið er óþarft og með því er bæði hætta á því að reglan verði túlkuð rangt og að sú ranga túlkun reglunnar geti valdið of þröngu inntaki reglunnar.

## **V. Yfirlit yfir breytingar sem lagðar eru til í minnisblaðinu á ákvæðum frumvarpsins**

### *5. gr. frumvarpsins*

Í stað orðsins „skilyrði“ í e-lið 5. gr. frumvarpsins komi: „viðmið“.

### *9. gr. frumvarpsins*

Orðin „einnig“ og „m.a. þegar starfsemi slíks félags fer fram hér á landi,“ falli á brott í a-lið 9. gr. frumvarpsins.

### *Annað*

Í stað tilvísunar til „84. gr. a“ í 3., 4. og 5. mgr. 86. gr. f laganna komi: „86. gr. a“.